

<b>Fundarnúmer:</b>	560
<b>Dagsetning:</b>	29.09.2008
<b>Tími:</b>	10:00
<b>Staður:</b>	Fundarsalur Ráðhúss

560. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 29. september 2008 kl. 10:00 í fundarsal að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

#### **Dagskrá:**

1. Ráðning umsjónarmanns skólamannvirkja.
2. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga.
3. Ályktanir aðalfundar Skalla, Félags smábátæigenda á Norðurlandi vestra.
4. Bréf Alþjóðahúss á Norðurlandi ehf.

#### **Afgreiðslur:**

1. Fram lögð tillaga um ráðningu Umsjónarmanns skólamannvirkja en byggðaráð hafði falið skólastjóra grunnskóla, í samráði við leikskólastjóra og skólastjóra tónlistarskóla, að gera tillögu til byggðarráðs um ráðninguna. Fram lögð tillaga þeirra um að Kristinn Björnsson verði ráðinn í starfið. Byggðarráð samþykkir að ráða Kristinn Björnsson í starfið.
2. Fram lagt til kynningar bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem gerð er gein fyrir vefaðgengi sveitarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga að fundargerðum stjórnar sambandsins og gögnum sem lögð eru fram á fundum stjórnarinnar.
3. Ályktanir aðalfundar Skalla, Félags smábátæigenda á Norðurlandi vestra lagðar fram til kynningar.
4. Fram lagt bréf Alþjóðahúss á Norðurlandi ehf. en þar er óskað eftir því að Húnaþing vestra geri þjónustusamning við Alþjóðahúsið á Norðurlandi ehf. Starfsemi alþjóðahúss felst fyrst og fremst í liðsinni við innflytjendur sem búsettir eru á Norðurlandi, veita upplýsingar og ráðgjöf, aðstoða við aðgengi að túlkþjónustu, halda fræðslunámskeið og standa fyrir ýmiskonar menningarstarfsemi. Byggðarráð felur félagsmálaráði taka saman yfirlit um þjónustu við innflytjendur í sveitarfélaginu og meta þörf á aukinni þjónustu þeim til handa. Samþykkt að taka á dagskrá:
5. Byggðarráð fagnar uppbyggingu og opnun N1-Staðarskála í Hrutafirði en Staðarskáli er einn af burðarásum atvinnulífs í sveitarfélaginu. Byggðarráð óskar eigendum, stjórnendum og starfsfólki til hamingju með opnun nýrra og glæsilegra húsakynna.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 11:20

Elín R. Líndal(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),

Rakel Runólfsdóttir(sign.),

Heimir Ágústsson(sign.).

Áheyrnarfulltrúi.

Oddur Sigurðarson(sign.).